

## Inngangur

Í því frumvarpi að fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar sem hér er lagt fram til fyrri umræðu er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A- hluta verði 80 mkr. en rekstrarafgangur samstæðu A- og B- hluta verði tæplega 47 milljónir króna. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar nema 370 m.kr, annar rekstrarkostnaður 365 m.kr og er því reiknað með að framlegð samstæðunnar, sem oft er nefnd EBITDA verði 176 m.kr. eða um 19,4% af tekjum.

Reiknað er með að skuldahlutfall samstæðunnar verði 145% í árslok 2014, en mikilvægara er þó að reiknað skuldaviðmið er 119%. Skuldaviðmiðið er reiknað samkvæmt reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Sveitarstjórn ber að tryggja að það skuldaviðmiðið sem hér reiknast sem 119% sé innan við 150%. Í töflunni hér að neðan koma fram helstu stærðir úr rekstrarreikningi.

<b>Fjárhagsáætlun 2014 úr rekstrarreikningi (þús. kr.)</b>	<b>2014 A - hluti</b>		<b>2014 A + B hluti</b>	
<b>TEKJUR</b>				
Skatttekjur	465.909	65,5%	465.909	51,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	147.164	20,7%	147.164	16,2%
Aðrar tekjur	98.500	13,8%	297.994	32,7%
	<b>711.573</b>	<b>100,0%</b>	<b>911.067</b>	<b>100,0%</b>
<b>GJÖLD</b>				
Laun og launatengd gjöld	337.050	47,4%	369.395	40,5%
Annar rekstrarkostnaður	271.290	38,1%	365.196	40,1%
	608.340	85,5%	734.591	80,6%
<b>Framlegð (EBITDA)</b>	<b>103.233</b>	<b>14,5%</b>	<b>176.476</b>	<b>19,4%</b>
Afskriftir	22.001	3,1%	43.737	4,8%
Niðurstaða án fjármagnsliða	81.232	11,4%	132.739	14,6%
Fjármagnsliðir	- 3.296	-0,5%	- 86.746	-9,5%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>77.936</b>	<b>11,0%</b>	<b>45.993</b>	<b>5,0%</b>

## 00 Skatttekjur

Á árinu 2014 er gert ráð fyrir að skatttekjurnar, útsvar, fasteignaskattur og framlög Jöfnunarsjóðs verði 613 m.kr., þjónustutekjur í A-hluta verði 98,5 m.kr og eru því tekjur A-hluta samtals 712 m.kr. Heildartekjur samstæðunnar verða 911 m.kr. samkvæmt áætluninni.

## Útsvar

Ein af megin forsendum áætlunarinnar er að útsvarið verði 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Af þessum 14,48% koma 0,77% ekki til greiðslu til sveitarfélagsins sjálfs heldur fer það hlutfall af útsvari beint til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, vegna kostnaðar við grunnskólana í landinu, en Jöfnunarsjóður úthlutar svo framlaginu samkvæmt sérstökum úthlutunarreglum til að mæta mismiklum kostnaði allra sveitarfélaga vegna málaflokksins. Á sama hátt fer 0,95% af útvarinu beint til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra. Jöfnunarsjóður úthlutar svo þeim fjármunum eftir sérstökum reglum til viðeigandi sveitarfélaga eða byggðasamlaga. Á Vestfjörðum er starfandi byggðasamlag fyrir málefni fatlaðra sem fær fjármuninum úthlutað, en auk þeirra fjármuna sem byggðasamlagið fær frá Jöfnunarsjóði greiða sveitarfélögin beint 0,25% af útsvarinu til byggðasamlagsins.

## Jöfnunarsjóður

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir framlög Jöfnunarsjóðs byggir nánast alfarið á áætlun sjóðsins sjáfs. Gert er ráð fyrir því að framlög Jöfnunarsjóðs verði 147 m.kr. Hlutfall Jöfnunarsjóðs af tekjum aðalsjóðs er þá 20,3% eða 16% af heildartekjum sveitarfélagsins.

## Fasteignagjöld

Fasteignaskattur (A) á íbúðarhúsnæði er óbreyttur á milli ára, eða 0,5% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur (B) af opinberu húsnæði í eigu ríkisins er 1,32% sem er leyfilegt hámark hans. Fasteignaskattur á fyrirtæki er hinsvegar hækkaður úr 1,32% í 1,5% frá árinu á undan. Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar skili samtals 41 m.kr í tekjur á árinu 2014.

Vatnsgjald og holræsagjöld eru óbreytt á milli ára eða 0,4% og 0,3% af fasteignamati húss og lóðar, en lóðarleiga íbúðarhúsnæðis hækkar úr 1% í 1,4 % af fasteignamati lóðar og önnur lóðarleiga hækkar úr 2% í 2,5 % af fasteignamati lóðar. Tekjur af lóðarleigu verða á árinu 2014 samtals 8 m.kr samanborið við 5,5 m.kr árið á undan.

Heildargjöld á heimili fyrir sorphreinsun og eyðingu eru nánast óbreytt á milli ára, eða 34.800 kr í stað 34.650 kr. árið á undan. Skiptingunni á milli sorphreinsigjalds og sorpeyðingargjalds er hinsvegar breytt til að endurspegla betur raunverulegan kostnað við þessa tvo þætti þjónustunnar. Þessi gjöld eru þá búin að vera óbreytt frá árinu 2011. Ennþá eru ætlunin að fara í flokkun á lífrænu sorpi til jarðgerðar. Verktaki hefur verið að vinna að tæknilegri lausn á slíku og liggur hún nú fyrir. Erfitt er hinsvegar að gera hana hagkvæma nema öll sveitarfélögin á svæðinu verði þátttakendur í slíku átaki og nýti búnaðinn saman. Búið er að hreyfa málinu hjá viðkomandi sveitarfélögum en engar ákvarðanir hafa verið teknar ennþá.

## Gjaldskrár

Nokkur umræða átti sér stað í bæjarráði um hvaða stefnu bæri að taka í gjaldskrármálum. Bæjarráð var vel meðvitað um að mikilvægt væri að gæta hófs í hækkunum á gjaldskrár m.a. vegna kjarasamninga sem í hönd fara, en ekki síður til að leggja lóð á vogarskálarnar í því að halda verðbólgu í skefjum í landinu, því þegar upp er staðið þá tapa allir á aukinni verðbólgu og eru sveitarfélögin þar ekki undanskilin.

Í kjölfar þeirrar umræðu sem skapaðist í þjóðfélaginu og áskorana aðila vinnumarkaðarins þá tók bæjarráð ákvörðun um að gera ekki tillögu um þá 3% almennu hækkun sem ráðgerð hafði verið á

gjaldskrá til almennings, en halda sig við þá hækkun til fyrirtækja t.d. í gjaldskrá hafnarinnar. Til að mæta tekjutapi vegna þessa var ákveðið að leggja til að aflagjald sem er 1,5% af aflaverðmæti verði hækkað í 1,55% af aflaverðmæti. Þannig má segja að kostnaðarauka sem til stóð að rukka heimilin um sé ýtt yfir á fyrirtækin í stað þess að það bitni á tekjum sveitarfélagsins.

## 02 Félagsþjónusta

Útgjöld vegna félagsþjónustu breytast óverulega á milli ára samkvæmt áætluninni. Stærsti einstaki liðurinn er framlag Bolungarvíkurkaupstaðar til byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum, en byggðasamlagið stýrir svo flæði fjármagnsins til einstakra félagsþjónustusvæða eftir þörfinni á hverjum stað samkvæmt ákveðnum leikreglum.

## 04 Fræðslu og uppeldismál

Nokkur hækkun er á útgjöldum til fræðslumála á milli ára, úr 253 m.kr í áætlun ársins 2013 í 289 m.kr á árinu 2014. Mest munar þar um að rekstrarkostnaður grunnskóla hækkar úr 162 m.kr í 191 m.kr. sem skýrist aðallega af fjölgun nemenda um nálægt 24% og eru nemendur nú 136 talsins. Þessi fjölgun nemenda er auðvitað sérlega ánægjuleg staðreynd. Í leikskólanum eru nú 55 börn en fjöldinn fór mest í 58 börn á árinu 2013. Í Tónlistarskólanum eru 55 nemendur.

Ef nettóútgjöldin eru skoðuð þ.e.a.s. heildarútgjöldin að frádregnum tekjum m.a. vegna vistunar á leikskóla, mötuneytis osfrv. þá kemur í ljós að fjármagna þarf alls 258 m.kr með skatttekjum. Hlutfallsleg skipting skatttekna á milli skólanna þriggja er þá þannig að Grunnskólinn fær til sín 179 m.kr eða 62,2% af nettóútgjöldum til fræðslumála, leikskólinn fær 61,5 m.kr eða 21,4% og tónlistarskólinn notar 15,8 m.kr af skattfé eða 5,8% af útgjöldum til fræðslumála.

## 05 Menningarmál

Á árinu 2014 er reiknað með að heildarútgjöld verði 22,5 m.kr. að meðtalinni innri leigu. Gert er ráð fyrir að framlag til Sjómninjasafnsins Ósvarar, Náttúrugripasafnsins og Byggðasafns Vestfjarða á svipað og á árinu 2013. Launakostnaður við Náttúrugripasafn og Ósvör er í rauninni undir liðnum annar rekstrarkostnaður þar sem Náttúrustofa Vestfjarða sér í raun um rekstur beggja safnanna skv. sérstökum rekstrarsamningi, en kaupstaðurinn greiðir ekki laun beint til starfsmanna safnanna. Rétt er að taka fram að rekstur Félagsheimilisins er í sérstöku B-hluta fyrirtæki, en þar er að sjálfsögðu um menningarstarfsemi að ræða.

## 06 Æskulýðs- og íþróttamál

Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld vegna æskulýðs- og íþróttamála verði 78 m.kr en á móti komi tekjur að upphæð 29 m.kr þannig að framlagið af skatttekjum er áætlað 49 m.kr Af tekjunum eru svokallaðar innri tekjur um 15 m.kr en þar er t.d. um að ræða leigu sem grunnskólinn greiðir til íþróttamiðstöðvarinnar.

Reiknað er með að peningalegir styrkir til íþróttafélaga hækki verulega frá fyrra ári á árinu 2014. Þannig er gert ráð fyrir að peningalegur styrkur til Ungmennafélags Bolungarvíkur verði 3 m.kr og að golklúbburinn og BÍ/Bolungarvík fái 1 m.kr í styrk hvort félag þá er reiknað með að styrkja Hestamannafélagið um 450 þús. krónur og KFÍ um 450 þús. krónur. Gert er ráð fyrir að gerðir verði samningar við félögin um að á móti hluta styrkjanna komi einhver vinna í þágu bæjarfélagsins.

Auk peningalegra styrkja hafa íþróttafélögin greiðan aðgang að íþróttamiðstöðinni, sem nýtist auðvitað félögum á sama hátt og um fjárframlög væri að ræða.

## **07 Brunamál og almannavarnir**

Gert er ráð fyrir að kostnaður við málaflokkinn breytist lítið á milli ára, en talsverður hluti kostnaðarins er fastur t.d. kostnaður vegna innri leigu á bifreiðum slökkviliðsins. Áætlað er fyrir ákveðnum fjölda slökkviliðsæfinga eða útkalla yfir árið með tilheyrandi launakostnaði auk fastra launa slökkviliðsstjóra í hlutastarfi.

## **08 Hreinlætismál**

Undir málaflokkinn falla m.a. sorphreinsun og rekstur gámastöðvar auk kostnaðar við sorpeyðingu eða urðun á sorpi auk kostnaðar vegna endurvinnslu eða endurnýtingar sorps, þar með talinn flutningskostnaður. Einnig fellur kostnaður við rekstur gámastöðvar undir þennan flokk. Reiknað er með að innheimt sorphirðu og sorpeyðingargjald nægi til að standa undir kostnaði við hirðingu og förgun heimilissorps, en halli er á rekstri gámastöðvar og er málaflokkurinn því að taka til sín 6,2 m.kr umfram innheimtar tekjur.

## **09 Skipulags og byggingamál**

Gert er ráð fyrir að nettó kostnaður við skipulags og byggingarmál verði um 9 m.kr samanborið við 5,8 m.kr. í áætlun ársins 2013. Aukningin felst aðallega í kostnaði vegna þess að settir eru á áætlun fjármunir til að standa undir vinnu við deiliskipulag umfram það sem var á liðnu ári. Þá fellur undir þennan lið kostnaður við byggingarfulltrúa.

## **10 Umferðar og samgöngumál**

Heildarútgjöld vegna málaflokksins eru 20,3 m.kr en á móti komi tekjur að upphæð 2 m.kr vegna samnings við Vegagerðina. Undir málaflokkinn fellur m.a. viðhald gatna og gangbrauta 7,7 mkr, götulýsing 4,3 mkr og snjómokstur 7 mkr.

## **11 Umhverfismál**

Gert er ráð fyrir 10 m.kr í þennan málaflokk sem innifelur m.a. slátt og hirðingu opinna svæða og hreinsun bæjarlandsins. Einnig er reiknað með að yfir sumarið sé starfandi umhverfisfulltrúi.

## **21 Sameiginlegur kostnaður**

Til sameiginlegs kostnaðar telst kostnaður við bæjarstjórn, bæjarskrifstofu markaðs og kynningarmál og greiðslur inn á lífeyrisskuldbindingar ásamt ýmsum kostnaði vegna samstarfs sveitarfélaga, bæði á landsvísu og fjórðungsvísu, þ.á.m. framlög til Menningarráðs Vestfjarða ofl.

## **Fjármagnsliðir**

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að verðbólga ársins 2013 verði 4% og fjármagnsliðir verði nettó neikvæðir um 3,3 m.kr í A-hluta og 86,7 m.kr. í samstæðu A- og B-hluta

## Eignasjóður

Í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að ráðstafa um 22 m.kr í meiriháttar viðhald eigna sem tilheyra eignasjóði, án þess að tilgreina sérstaklega í hvaða eignir þeim fjármunum verður varið, en bæjarráð mun gera tillögu um skiptingu fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

## Bolungarvíkurhöfn

Gert er ráð fyrir 23 m.kr hagnaði hjá Bolungarvíkurhöfn á árinu 2014. Hafnarstjórn hefur lagt til að gjaldskrá hafnarinnar hækki að jafnaði um 3% frá gjaldskrá ársins 2013. Hafnarstjórn lagði þó til á fundi sínum þann 28. október sl. að aflagjald yrði óbreytt. Í umræðum um gjaldskrár á fundi bæjarráðs þ. 18. október sl. ákvað bæjarráð hinsvegar að leggja til við bærstjórn að aflagjaldið yrði hækkað úr 1,5% í 1,55% eins og áður er vikið að og er sú tillaga reiknuð inn í þá fjárhagsáætlun sem lögð er fram til fyrri umræðu í bærstjórn.

## Vatnsveita og fráveita

Tekjur vatnsveitunnar eru áætlaðar um 20 m.kr. Þær eru að stærstum hluta fastar tekjur af álögðum vatnsskatti sem nemur 0,4% af fasteignamati húss og lóðar, en auk þess greiða stórir notendur aukavatnsskatt og er gert ráð fyrir að hann muni nema um 4 m.kr. Undir annan rekstrarkostnað vatnsveitu fellur ýmiskonar viðhald í hreinsistöðvum, auk nýrra heimtauga. Þá er um að ræða rafmagn fyrir dælur og til lýsingar og hitunar osfrv.

Tekjur fráveitunnar eru fastar og koma af álögðu holræsagjaldi sem er 0,3% af fasteignamati húss og lóðar. Fráveitan skilar jákvæðri rekstraniðurstöðu að upphæð 7,3 m.kr en allar eignir eru þar orðnar afskrifaðar. Saman skila vatnsveita og fráveita hagnaði sem nemur 2,8 m.kr.

## Félagslegar íbúðir

Áætlunin gerir ráð fyrir halla á félagslegum íbúðum að upphæð 16,8 m.kr á árinu. Gert er ráð fyrir minnkun leigutekna í Árborg vegna byggingar hjúkrunarheimilis, en við það fækkar íbúðum í útleigu. Reiknað er með að götu hæð Árborgar verði tekin undir nýtt hjúkrunarheimili. Þar fer því fram sala á húsnæði frá félagslegum íbúðum til hjúkrunarheimilis að upphæð 89 m.kr. Salan er á milli B-hluta fyrirtækja og hefur því engin áhrif á heildarskuldir sveitarfélagsins.

## Félagsheimili Bolungarvíkur

Reiknað er með að tekjur Félagshemilisins verði nálægt því að standa undir breytilegum kostnaði við rekstur þess, en ekki undir afskriftum og vöxtum og er því reiknað með að afkoma ársins verði neikvæð sem nemur 33,8 m.kr.

## Fjárfestingar ársins – fjármögnun framkvæmda

Í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun er sett fram áætlun um heildarfjárfestingu að upphæð 30 m.kr í Eignasjóði og 20 m.kr í hafnarsjóði eða samtals 50 m.kr í A- og B- hluta. Gerð verður tillaga að skiptingu þeirra fjármuna á verkefni við síðari umræðu um fjárhagsáætlun. Auk þess er reiknað með að fjárfesting vegna hjúkrunarheimilis nemi 159 m.kr. Þá er reiknað með sölu eigna að upphæð 89 m.kr þannig að nettófjárfesting ársins verði 120 m.kr. Reiknað er með lántökum að fjárhæð 40 m.kr í A-hluta og er reiknað með að það lán verði tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Ennfremur er reiknað

með 159 m.kr láni vegna hjúkrunarheimilis en sú fjármögnun er tryggð með sérstökum samningi við velferðarráðuneytið.

## **Þakkir**

Bæjarstjóri vill þakka öllum forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun og þá sérstaklega fjármálastjóra sem hefur lagt mikla vinnu í undirbúning áætlunarinnar. Góð samvinna hefur verið í bæjarráði við að vinna fjárhagsáætlun og er bæjarráðinu og þá sérstaklega formanni þakkað gott samstarf.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2014 er hér lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Bolungarvík 21. nóvember 2013

Elías Jónatansson, bæjarstjóri